**Nd** **447. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 28. nóv. 1919, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka.

Frá Hákoni Kristóferssyni.

1. Framan við frv. komi ný grein, svo hljóðandi, er verði 1. gr., og breytist greinatalan eftir því:

   Tvær fyrstu málsgreinar 4. gr. í lögum 28. nóv. 1919 orðist svo:

   Stjórnarráðið skipar bókara, aðalfjehirði og fjehirði bankans og víkur þeim frá, hvorttveggja að fengnum tillögum bankastjórnar. Um verkaskifting milli aðalfjehirðis og fjehirðis fer eftir ákvörðun stjórnarráðsins, að fengnum tillögum bankastjórnar.

2. Við 1. gr., er verður 2. gr.

4. málsgr. orðist svo:

Bókari og aðalfjehirðir hafa að byrjunarlaunum 5000 kr. hvor, en launin hækka á hverjum tveggja ára fresti um 300 kr. upp í 6500 krónur. Fjehirðir hefir að byrjunarlaunum 4500 kr., en launin hækka á hverjum tveggja ára fresti um 300 kr. upp í 6000 krónur. Auk þess hafa hinir síðarnefndu 5000 kr. í mistalningarfje, og ákveður stjórnarráðið, að fengnum tillögum bankastjórnar, hvernig mistalningarfjenu skuli skift milli aðalfjehirðis og fjehirðis.

3. 2. gr. verður 3. gr.